



## Minnisblað oddvita

### Efni: Staða viðgerða í grunnskólanum

Staða mála varðandi viðgerðir og endurbætur í Grunnskólanum á Hólmavík, eru eftirfarandi, í stuttu máli:

#### Efri hæð:

- Efri hæð yngri hlutans er nánast tilbúin
- Loft eru frágengin, ljós tilbúin og verið er að tengja loftræstikerfi
- Frágangur á skápum og vöskum er á lokastigi og á aðeins eftir að setja upp krana í vaska í kennslustofum
- Allt er tilbúið fyrir lokamálun. Verktaki kemur 8.7. og vinnur að því að klára eins og hægt er
- Í eldhúsi er nánast allt frágengið. Allar innréttingar komnar upp, búið er að flísaleggja og tæki komin
- Salerni: Öll klósett eru komin upp, eftir er að setja milliveggi og verður það gert eftir að dúkur er komin á gólfin. Á salerni fatlaðra á eftir að setja tækin upp, en búið er að flísaleggja vegg þar og fúa. Annað er tilbúið þar
- Samverurými. Allt tilbúið í loftum, lýsing komin. Unnið er að tengingu loftræstikerfis
- Hannyrðarými. Unnið er í loftræstikerfi.
- Dúklagning. Verktaki mun hefja vinnu við dúklagningu seinni hluta þessa mánaðar og skilar af sér 1 ágúst
- Hurðir á kennslurými kennara og glerveggir verða settir í eftir að búið er að dúkleggja. Eru það í raun síðustu verkþættirnir.

#### Neðri hæð:

- Þar eru nokkrir verkþættir eftir. Eftir að einangra og loka lofti með plötum. Það er þó fljótlegt í framkvæmd og mun einfaldara enn á efri hæð
- Öll vinna við rafmagn er nánast að baki enda mun einfaldara við að eiga; einfaldari hönnun og færri ljós
- Eftir að tengja nýtt vatnsinntak. Verktaki kemur 9.7.
- Málari á eftir lokaumferð.

**Samantekt:** Óhætt er að segja að þessi uppbygging sé nánast öll komin. Verktakar eru meðvitaðir um tímaramma og upphaf skólaárs og eins það að það þarf tíma til þrífa og koma húsgögnum og öðru fyrir. Það eru því mörg verkefni eftir þannig séð, en stóra myndin er komin og aðeins lokahnykkurinn eftir.

Hólmavík 8.7.2024

Þorgeir Pálsson

Oddviti

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

Viðbót frá 9.7.24.

- Allur gólfdukur hefur verið lagður
- Gler er komið í vegg
- Flestar hurðir eru komar í
- Verið er að klára að klæða loft í kjallara og tengja ljós
- Verið er að ganga frá milliveggjum á salerni og klára salerni fatlaðra
- Unnið er að frágangi á vöskum, varmadælukerfi og srinkler kerfi
- Búið er að undirbúa þrif og framundan er flutningur borða og stóla o.s.frv.
- Unnið er að undirbúning á frágangi utanhúss.

9.8.24-Þorgeir Pálsson

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS